

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

1. gr.

Af hundum á Skagaströnd skal sveitarfélagið innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunda skal innheimta skráningargjald að upphæð 2.500 kr. auk árlegs leyfisgjalds fyrir hund kr. 10.000 miðað við heilt ár. Leyfisgjald lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar hundur kemur til fyrstu skráningar. Gjald hlutfallast þá eftir skráningartíma þannig:

Skráning í janúar-mars er 100%

Skráning í apríl – júní er 75%

Skráning í júlí – september er 50%

Skráning í október – desember er 25%

Fyrrgreind lækkun gjalds gildir því aðeins að ekki sé um vanrækslu á skráningu að ræða heldur sé hundur sannanlega nýkomin til eiganda á þeim árstíma sem skráning fer fram.

Aukagjald fyrir nýtt merki í stað merkis sem týnist er 1.000 kr.

3. gr.

Greiðslur fyrir ábyrgðartryggingu eru innifaldar í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Ábyrgðartryggingin er fölgin í hóprýggingu sem sveitarfélagið tekur og nær til þess að tryggja fyrir tjóni sem hundur kann að valda öðrum en eigendum sínum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð hundaeiganda sem ber, varðandi framkvæmd hennar, að snúa sér til dýralæknis, sem annast hana á kostnað hundaeiganda.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds sem gengur laus skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds kr. 10.000

Önnur afhending hunds kr. 12.000

Þriðja afhending hunds kr. 12.000

Við afhendingu hunds sem ekki er gilt leyfi fyrir leggst skráningargjald skv. 2. gr. á afhendingargjald.

Oheimilt er að afhenda hunda án leyfis nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu. Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar handsamaðs hunds. Lágmarksgjald við afhendingu áður óskráðs hunds er því 12.500 kr.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 2. gr. er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða gjald í réttu hlutfalli við þá skiptingu sem getið er í 2. gr.

6. gr.

Skráðum bændum, sem búa á lögbýlum í sveitarfélaginu, er heimilt að halda hunda án gjalds og einnig er leyfilegt að skrá viðurkennda veiðihunda án gjalds.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu árlegra leyfisgjalda skv. 2. gr. Skilgreiningar á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenn-

ingu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

Skilgreining á að hundur sé undanþeginn leyfisgjaldi vegna búfjárhalds er háð því að skráð lögheimili eiganda sé á viðurkenndu lögbyli og að þar sé stundaður búskapur.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar, er sett samkvæmt samþykkt um hundahald í Höfðahreppi nr. 54 frá 19. janúar 2004 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar 23. janúar 2013 og af heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 5. febrúar 2013.

Skagaströnd, 5. febrúar 2013.

Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2013